

FRÍTT
EINTAK



Taktu á móti póstinum þínum í Möppunni

Nú geturðu fengið allan póstinn þinn rafrænt í Möppuna. Enginn pappír og þú getur nálgast póstinn hvar og hvenær sem er.

Virkjaðu Möppuna fyrir 17. júní og þín bíður glaðningur í Möppunni þinni.

- **Þægileg** – Aðgengileg hvar og hvenær sem er
- **Umhverfisvæn** – Pappírslaus póstur
- **Örugg** – Pósturinn er geymdur á öruggu formi
- **Ókeypis** – Þú borgar ekkert fyrir Möppuna
- **Fljótleg** – Pósturinn berst þér samdægurs

Monitor skorar á Högna í Hjaltaín að leggja leið sína í Stúdentakjallarann á morgun og taka þátt í tvifarakeppninni.



BESTA EUROVISION-PARTÍ Í HEIMI?

HEIMIR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 280688.

Fyrsta minning mín um Eurovision: Ég veit það ekki alveg, en djöfull var hún Lena sem vann árið 2010 sæt. Djöfull gat ég horft á YouTube-myndbandið með henni endalaust.

Besta Eurovision-lag allra tíma: Satellite með Lenu er kannski ekki besta lagið en það er það lag sem ég hef hlustað mest á.

Sigurstranglegasta atriðið í ár: Nú er ég bara að fylgja ráðleggingum sérfræðinga þegar ég segi Danmörk og Holland.

Spáin fyrir gengi Eypórs: Hann kemst áfram og það verður rífandi stemning í Stúdentakjallarannum. Svo segi ég að hann nái 13. sæti.

Ljósir lokkar eru sérstaklega velkomnir

Eurovision-partí Monitor og Stúdentakjallarans fer fram í Stúdentakjallarannum í kvöld. Monitor ræddi við Heimi Hannesson, dagskrárstjóra Stúdentakjallarans, um skemmtidagskrá partísins.

Í kvöld hyggjast Stúdentakjallarinn og Monitor styðja við bakið á Eurovision-faranum Eypóri Inga með því að blása til Eurovision-teitis í Stúdentakjallarannum. Heimir Hannesson, dagskrárstjóri Stúdentakjallarans, segir að í Kjallarannum verði allt til alls sem nauðsynlegt er í gott fyrsta flokks Eurovision-partí. „Keppnin verður auðvitað sýnd á stóru tjaldi, það verða tilboð á barnum og svo verðum við meðal annars með drykkjuleik sem verður sérstaklega sniðinn að keppninni. Við ætlum að spila inn á allar helstu Eurovision-klisjur, það verða skot á barnum í hvert sinn sem einhver keppandi sendir „písmerki“, blikkar myndavélina eða ef einhver með aflitað hár stígur á svið og svo framvegis,“ segir hann eldhress. „Auk þessa verða Monitor-blöð á staðnum til að fólk geti



gripið í stigablaðið á mannamáli (ínsk. blm. sjá bls. 5) en verðlaun verða veitt þeim sem reynist besti spámaðurinn út frá stigablaðinu.“

Þá er enn ónefndur einn af hápunktum kvöldsins en það er Eypórs Inga tvifarakeppni, þar sem sá aðili sem þykir líkastur Eurovision-faranum okkar verður verðlaunaður. „Ljósir lokkar verða sem sagt sérstaklega velkomnir í Kjallarann,“ segir Heimir. Aðspurður um hvort opið sé í keppnina fyrir konur og karla segir hann alla velkomna. „Þurfa stelpurnar þá samt ekki að ná að spýta í góða skeggrót? Ég vona allavega að þátttakan verði góð en það læðist að mér sá grunur að Eypór Ingi sé alveg einstakur.“

Bein sjónvarpsútsending hefst kl. 19:00 og eru gestir hvattir til að mæta fyrir til að koma sér vel fyrir.

BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 16** lönd keppa í Eurovision í kvöld, þar á meðal Ísland
- 390** kr. er verðið á bjórnum í Kjallarannum
- 7** ára var Arnar Freyr þegar hann byrjaði að fíla rapp
- 9** íslenskir fótbolta-menn lyfta bikar í blaðinu

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnars-son (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lisa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýs-ingadeild Árvakurs (augl@mbi.is) **Forsíða:** Kristinn Ingvarsson (kring@mbi.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Gott að eiga góða granna

Ég hef legið í rúminu síðan á mánudaginn. Það er ótrúlega gaman að hanga heima og gera ekki neitt. Ligga jafnvel með tölvuna og ráfa um netið eða horfa á skemmtilega þætti. Fyrsta setningin var sönn. Hitt var kaldhæðni. Ég er lasinn heima og það er ekkert sérstaklega skemmtilegt. En fyrirsögnin er ekkert grín því það er ótrúlegt hvað það getur glatt mann mikið þegar maður sér það góða í fólki. Ég og Hafðís Björk, kærastan mín, erum yngstu íbúarnir í blokkinni. Það er því virkilega þægilegt að hafa fólk í kringum sig sem hefur reynslu af hinum ýmsu málum er varða hífylli og allt hér gengur einhvern veginn alveg smurt.

Það skemmir líka ekki fyrir þegar hún Hrönn í 101 bankar upp á af og til með ilmandi, nýbakað bananabrauð. Eins þótti mér ótrúlega vænt um það á þriðjudagsmorguninn þegar Þórður í 203 dinglaði herna hjá okkur. Ég lasinn og Hafðís ólétt fórum ekki til dyra þrátt fyrir tvær tilraunir Þórðar. Þá allt í einu opnar hann með lykli og kallar: „Halló, er ekki allt í lagi?“ Ég dreif mig til dyra og þá kemur á daginn að Haf-dís hafði gleymt lyklunum í skránni í geymsl-

unni. Þórður hafði séð hana daginn áður burðast með kassa þangað niður og vissi ekkert hvar ég væri staddur. Því vildi hann ganga úr skugga um að allt væri í lagi með barnshafandi konuna. Meira að segja Ingvar í 303, formaður húsfélagsins, hafði reynt að hringja þrisvar í okkur en fékk engin svör. Þess vegna kom Þórður inn. Mikið ofboðslega er gott að vita til þess að nágrannarnir vilji að allt sé í sómanum hjá okkur.

Seinna um daginn var tiltektardagur hjá öllum íbúunum. Nú vissi Þórður að ég væri veikur svo hann kom og bauðst til að færa bílinn úr bílakjallarannum því hann átti að þrifa hátt og lágt. Svo fóru allir að gera fint í garðinum. Ég gat því miður ekki sýnt lit vegna veikindanna en nágrannarnir höfðu fullan skilning á því. Hafðís fór til vinkvenna sinna eftir tiltektina en í þann mund sem ég var að fara að panta mér mat bankaði Berglind í 103 á hjá mér. Ég fór til dyra og þar stóð þessi elska með tvær pulsir og Mix. Svei mér þá ef hitinn lækkaði ekki um nokkrar gráður. Takk grannar. Kv. Jón í 102.



MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR PARTÍDYRIN

Hjá sumum er einfaldlega ekki nóg að vera með þrjú Eurovision-partí í sömu vikunni og þá getur verið sniðugt að skella sér á **Stuðlaga-ball Gillz** á Spot á föstudagskvöldið. Gillz þeytir þar skífum undir nafninu DJ Muscleboy og heldur hann því fram að þetta verði besta ball allra tíma. Það er því upplagt að smella sér á hlýrann, grípa eitt „glowstick“ og dansa til að gleyma.




FYRIR TÍSTLENDINGA

Það hlýtur alltaf að vera spennandi að geta tekið þátt í því að slá met. Heimsmet, Reykjavíkumet, Íslands-met. Allt hljómar þetta spennandi og nú geta allir þeir sem eru á Twitter tekið þátt í að slá Íslands-met í tísti. Ætlunin er að fá alla sem tjá sig um Eurovision til að merkja tístin sín með **#12stig**. Hægt er að fylgjast með allri umræðunni á at-burðarrás Vodafone en þar er hægt að horfa á Eurovision-keppnina á sama tíma. Boladagur á Íslandsmet-ið með um 18 þúsund merkingar og því þurfa allir að leggjast á eitt til að slá metið. Koma svo!



VIKAN Á FACEBOOK



Hlynur Jóni Hallgrímsson
Að sjálfsögðu er ég fenginn til að vera rödd Sir Alex Ferguson

í fréttabýðingunum þennan merkilega dag. 12. maí kl. 18:35



Egill Gillz Einarsson
Miðasalan gengur alltof vel. Þetta er vesen!! Stefni

í að það verði þúsund manns inn á Spot og svona 4-5 þúsund manns fyrir utan í góðu bílastæðaparty! FECK! 14. maí kl. 20:29



Þórhallur Þórhallsson
Er maður ekki búinn að meika það ef maður er spurning í Spurningabombunni

12. maí kl. 17:25



Gunnleifur Gunnleifsson
Wigan ekki góð hjá City. 11. maí kl. 18:16



Sæþór Kristjánsson
Fann 2 kreditkort á 2 mismunandi stöðum í dag... ef það er

eithvað higher power að reyna að gefa mér pening, vinsamlegast hafðu það í seðlum, takk! 7. maí kl. 21:32

www.facebook.com/monitorbladid



Eurovision

Tónlistarhátíð framundan!

Að sjálfsgöðu stöndum við með íslensku tónlistarfólki og fylgjumst með!


**AFRANNA
ÍSLAND!**



Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

Tónastöðin býður upp á mikið úrval hljóðfæra og nótnabóka fyrir allar tegundir tónlistar og leggur áherslu á góða og persónulega þjónustu.

Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn



Stigablað á mannamáli

KYNNIR:

EUROVISION

SÖNGVAKEPPNI MALMÖ 2013

Eftir Elínu Esther

SEINNI UNÐANKEPPNI • 16. MAÍ

Leiðbeiningar:

- 1** Kynntu þér listann yfir möguleg plús- og mínusstig fyrir keppnina.
- 2** Meðan á flutningi stendur skaltu merkja stig við hvert lag, eftir því sem við á. Þetta gefur hugmynd um hversu mikið viðkomandi þjóð er að „reyna“ að vinna keppnina.
- 3** Dragðu mínusstigin frá plússtiginum og settu niðurstöðuna í „samtals“-reitinn. 10 stiga-hæstu löginn ættu að komast áfram.
- 4** Voilá! Nú hefur þú vísindalega spá í höndunum, um útkomu keppinnar.

Annotations on the voting card:

- Sigraði í keppninni árið 2006
- Var í 12. sæti í fyrra
- Hér merkir þú við öll plússtigin, eftir því sem þér finnst passa
- Samtals stig
- Hér merkir þú við öll mínusstigin, eftir því sem þér finnst passa
- 10 efstu löndin fara áfram í aðalkeppnina
- Hefur aldrei sigrað í Eurovision
- Var í 16. sæti í fyrri undankeppninni í fyrra og komst ekki í aðalkeppni

ATH- Ef misræmi er á milli stigagjafar þinnar og úrslita keppinnar skrifast það alfarið á samsæri Austur-Evrópuþjóða og hefur ekkert að gera með þær forsendur sem hér er gengið út frá.

Möguleg plússtig:

- +1 „Þjóðhátíðarstig“:** Assgoti er þetta grípandi viðlag!
- +1 „2-fyrir-1 stig“:** Lagið skiptir um ham og/eða tónlistarstefnu, meðan á flutningi þess stendur.
- +1 „Ellismellastig“:** Gamalreynt „landslíðsfólk“ í tónlist (eða kúlurpari) kemur að flutningnum.
- +1 „Jólasveinastig“:** Eitt stig fyrir hvert skegg á sviðinu, svo framarlega sem það er sæmilega snyrt. Einnig fæst stig fyrir jólabjöllu í laginu.
- +1 „Sjonnastig“:** „Feel good“ mússígg sem þú gætir hugsað þér að vakna við á morgnana.
- +1 „Multitask-stig“:** Keppandi lætur sér ekki nægja að syngja, heldur fer líka hamförum í dansi, loftfímléikum, trommuleik eða verðbréfavíðskiptum meðan á flutningi stendur.
- +1 „Skoska stigið“:** Sekkjaþipur, skotapils eða haggis á sviðinu.
- +1 „Wig Wham-stig“:** Metall, gítarsóló og sítt hár. Í Eurovision! Það er rokk!
- +1 „Vikingastig“:** Ekta norræn karlmennska eða kvenskörungsháttur.
- +1 „Sessehl-stig“:** Kynþokkinn kraumar á sviðinu, áhorfendum til mikillar ánægju.
- +1 „Krúttstig“:** Þig langar að klípa keppanda í kinnina ... eða í bossann.
- +1 „Komrat-stig“:** Keppandi er frá Austur-Evrópu, á ættir að rekja þangað, hefur komið þangað eða sá einu sinni mynd þaðan.
- +1 „Eurovision-stig“:** Aukastig fyrir að vera með gott lag ... af því að það skiptir víst máli í þessari keppni.

Möguleg mínusstig:

- 1 „ESB-stig“:** Of mikið Europop!
- 1 „Rottweiler-viðvörðun“:** Plís, ekki reyna að rappa.
- 1 „Sjaldan-til-útlanda-stig“:** Keppandi hefur eytt deginum í búðaráp og hefur því ekki orku til að standa í fætturna á meðan hann syngur.
- 1 „Greys Anatomy-stig“:** Rosa mikið drama á sviðinu, lagið er aukaatriði.
- 1 „Eltihrellastig“:** Er finnska söngkonan ekki full ágegn? Mínusstig fyrir það.
- 1 „Schengen-stig“:** Textinn er á tungumáli sem enginn í partíinu skilur.
- 1 „Borat-stig“:** Illskiljanlegur framburður á ensku.
- 1 „Leoncie-stig“:** Ég skil þetta ekki! Hvað er á hinni stöðinni?
- 1 „Landafraði 101-stig“:** Land er ekki í Evrópu.
- 1 „Christopher Walken-stig“:** Needs more cowbell!
- 1 „Bjarna Fel-stig“:** Rólegur með augabrúnirnar!
- 1 „Danska stigið“:** „Herre Gud“ hvað þetta er leiðinlegt!
- 1 „2012-stig“:** Ákveðnir taktar minna á sigurlagið í fyrra, Euphoria með Loreen.

			Plús-stig	Mínus-stig	Samtals	Áfram?
01	Lettland Flytj: PeR Lag: Here We Go Sigrar: 2002 • 2012: 16 (U1)					
02	San Marínó Flytj: Valentina Monetta Lag: Crisalide (Vola) Sigrar: - • 2012: 14 (U1)					
03	Makedónía Flytj: Esma & Lozano Lag: Pred Da Se Razdeni Sigrar: - • 2012: 13					
04	Aserbaídsjan Flytj: Farid Mammadov Lag: Hold Me Sigrar: 2001 • 2012: 4					
05	Finnland Flytj: Krista Siegríðs Lag: Marry Me Sigrar: 2006 • 2012: 12 (U1)					
06	Malta Flytj: Gianluca Lag: Tomorrow Sigrar: - • 2012: 21					
07	Búlgaría Flytj: Elitsa Todorova, Stoyan Yankulov Lag: Samo Shampioni Sigrar: - • 2012: 11 (U2)					
08	Ísland Flytj: Eyþór Ingi Lag: Ég á líf Sigrar: - • 2012: 20					
09	Grikkland Flytj: Koza Mostra feat. Agathon Iakovidis Lag: Alcohol Is Free Sigrar: 2005 • 2012: 17					
10	Ísrael Flytj: Moran Mazor Lag: Rak Bishvilo Sigrar: 1978, 1979, 1998 • 2012: 13 (U1)					
11	Armenía Flytj: Dorian Lag: Lonely Planet Sigrar: - • 2012: -					
12	Ungverjaland Flytj: ByeAlex Lag: Kedvesem (Z. Remix) Sigrar: - • 2012: 24					
13	Noregur Flytj: Margaret Berger Lag: I Feed You My Love Sigrar: 1985, 1995, 2009 • 2012: 26					
14	Albanía Flytj: Adrian Lulgjuraj & Bledar Sejko Lag: Identitet Sigrar: - • 2012: 5					
15	Georgía Flytj: Nodi Tatishvili & Sophie Gelovani Lag: Waterfall Sigrar: - • 2012: 14 (U2)					
16	Sviss Flytj: Takasa Lag: You And Me Sigrar: 1956, 1988 • 2012: 11 (U1)					
17	Rúmenía Flytj: Cezar Lag: It's My Life Sigrar: - • 2012: 12					

Ótrúlega margir hafa skoðun á Eurovision og fékk Monitor einstaklinga úr mismunandi áttum til að rýna í keppnina í ár.

Allir spá Dönnum sigri

ELSA SERRENHO

Fyrstu sex: 271185.
Eurovision er: Æðislegt.



Sá Selmu í gegnum 56k modem

Hvert er þitt uppáhaldslag í keppninni í ár og af hverju? Mér finnst írski lagið mjög skemmtilegt og algjört partilag sem kemur manni í girinn, en flottasta lagið finnst mér vera danska lagið. Svo finnst mér hollenska lagið líka ógeðslega töff.

Hvað er versta lagið í ár og af hverju? Úfff, Búlgaría er með versta lagið í ár að minnu mati, ég skil ekki þennan söng, ef það á að kalla þetta söng. Þau voru þó með enn verra lag til að byrja með, ótrúlegt en satt, en breyttu í Samo Shampioni og ekki skánaði það mikið.

Hvaða lag mun koma á óvart í ár og af hverju? Ég hugsa að Anouk frá Hollandi eigi eftir að koma á óvart. Þetta er rólegt lag sem hún syngur mjög vel og hún er svo rosalega heillandi stelpa.


Hvar lendir Ísland og af hverju? Ég er ekkert rosalega bjartsýn fyrir okkar hönd en vona innilega að við komumst áfram og gæti ég trúað að dómnafndin myndi mögulega bjarga því. En ég held að við séum ekkert að fara að gera neina stórkostlega hluti í lokakeppninni.

Eftirminnilegasta atriðið í Euro frá upphafi? Þau eru alveg nokkur, til dæmis Verka serduchka frá Úkraínu 2007. Hún var ótrúlega myndin og það var mjög eftirminnilegt þegar Selma lenti í 2. sæti og ég var að hlusta á útsendinguna á netinu frá Orlando í gegnum 56k modem sem ákvað að detta út í blálökin og ég vissi ekkert hvernig þetta endaði og hélt ég myndi fara yfir um. Enda nýfermd og hádramatísk á þessum tíma. En uppáhaldsatriðið mitt er samt atriðið frá Úkraínu árið 2009. Svetlana Loboda að syngja Be my Valentine í glansandi stígvélum sem náðu upp á læri, dansandi, í heljarstökkum og tók svo trommusóló. Aðeins of töff stelpa þar á ferð.


Flottasti íslenski búningurinn frá upphafi? Mér fannst latexpíurnar hans Palla töff og svo var Silvía Nótt í gegguðum búning.


Hvað þarf gott Eurovision-partí að hafa? Ég held að það þurfi fólk sem er spennt fyrir Eurovision og svo auðvitað gott sjónvarp og ekki skemmir fyrir að hafa drykkjuleik yfir stigagjöfni, þótt ég sé nú alltaf bara í vatninu.


FIMM SIGURSTRANGLEG


 **Emmelie de Forest**
Only Teardrops

Hin berfætta Emily er með mjög flotta rödd og syngur lagið mjög vel. Mjög gripandi lag og ég veit að það verður ofarlega í ár. Yrði ekki hissa ef keppnin myndi vera í Danmörku að ári.

 **Cascada** **Glorious**
Cascada eiga sér aðdáendur um alla Evrópu og ég held að Þjóðverjum muni ganga vel með þetta lag. Það er svolíttill Euphoría-fillingur í því, en þetta lag er þó ekki alveg jafnstærkt og sigurlagið í fyrra.

 **Dina Garipova** **What if**
Það skiptir ekki máli hvernig lag Rússar eru með. Þeir eru alltaf í topp 10 og unnu árið 2008 með skautadansara sem leit út eins og Ellen Degeneres og fíðuleikara með fíðlu sem kostaði hann annað nýræð svo þeir eru alltaf svona hálf-gert spurningamerki. Lagið í ár er þó mjög fínt og Rússum á örugglega eftir að vegna vel.

 **Margaret Berger**
I Feed You My Love
Töff söngkona með flott lag og ég gæti alveg ímyndað mér að þetta yrði spilað á útvarpsstöðvum landsins í sumar.

 **Robin Stjernberg** **You**
Gestgjafarnir í ár eru með dúllstrák sem syngur hresst lag og það er mjög einfalt og mun örugglega gera góða hluti.

FELIX BERGSSON

Fyrstu fjórir: 0101.
Eurovision er... algjörlega gargandi snilldarsirkus.



Einn strákur sem á séns

Hvert er þitt uppáhaldslag í keppninni í ár og af hverju? Ég á líf er auðvitað mitt uppáhald en ef þú snýrð upp á hendina á mér og kveikir í rasshárnum þá verð ég að viðurkenna að ég fíla Ungverjaland og Króatíu. Ungverjaland er krúttlegt popp í anda Ásgeirs Trausta og Króatía er bara ferlega flott og vel sungið lag. Svo er Holland lagið sem vex og vex.

Hvað er versta lagið í ár og af hverju? Úfff, af mörgu er að taka. Ég held að Litháen, Lettland og Rúmenía verði að eiga þennan vafasama heiður. Já, og Svartfjallaland. Öll þessi lög eru hreint og klárt rusl þó flytjendurnir séu örugglega yndislegar manneskjur.

Hvaða lag mun koma á óvart í ár og af hverju? Mig grunar Ungverjaland. Það er enginn að tala um það.


Hvar lendir Ísland og af hverju? Ísland fer í úrslitakeppnina og lendir þar í topp 10. Eyþór Ingi er algjörlega að slá í gegn hér og menn heillast af honum sem söngvara. Það kemur ekki á óvart.

Eftirminnilegasta atriðið í Euro frá upphafi? Vá. Þú ert að biðja mig að velja konfektimola úr risastórum kassa. Ég gleymi Dönu International aldrei, já og Lordi í skrímslabúningunum. Svo er það ABBA, Silvía Nótt og dragdrottningin frá Úkraínu. Það er ekki hægt að velja eitt af þessum, öll brílljant á sinn hátt. Ég held svo að margir eigi eftir að muna eftir hvít-rússneska laginu í ár. Það er ekki oft sem maður sér rísa, já rísa, halda á söngkonunni upp á svið.


Flottasti íslenski búningurinn frá upphafi? Jóhanna Guðrún í Rússlandi. Gerði gríðarlega mikið fyrir atriðið.

Hvað þarf gott Eurovision-partí að hafa? Skemmtilegt fólk og góðar veitingar. Það er nauðsynlegt að undirbúa sig og hlusta að minnsta kosti einu sinni á öll lögin. Svo er ekki verra að vera með gott sjónvarp og hljóðkerfi og tjúna á botn.


FIMM SIGURSTRANGLEG


 **Emmelie de Forest**
Only Teardrops


Smámælt krútt með austur-evrópskar trommur og írsk áhrif. Veðbankarnir elska lagið og það gæti komið því mjög langt.

 **Margaret Berger**
I Feed You My Love

Hart danspopp sem gæti alveg slegið í gegn. Mér skilst að söngkonan sé mjög sexy.


 **Anouk Birds**
Anouk er stórstjarna... í Hollandi. Stjörnurykið gæti þó sáldrast á okkur hin. Hún er helvíti flott og lagið er kúl.


 **Marco Mengoni** **L'Essenziale**
Eini strákurinn sem virðist eiga séns. Lag í gömlum góðum ítölskum stíl. Flott popp.


 **Dina Garipova** **What if**
Enn eitt krúttíð og enn ein söngkonan. Hljómar alls ekki eins og rússneskt popp, meira eins og svakalega sjukruð Mariah Carey.


Palli gefur glimmergalla-leyfi

FIMM SIGURSTRANGLEG

 **Emmelie de Forest Only Teardrops**
Lagið hefur þann sérstaka eiginleika að grípa mann strax og er það mikilvægur eiginleiki. Söngkonan hefur sérstaka og góða rödd og það er nokkuð augljóst hvert tólfan frá Íslandi fer í ár.

 **Cascada Glorious**
Þetta lag tel ég líklegt til sigurs því það er grípandi. Lagið er frekar líkt Euphoria en ég held að öllum sé nokkuð sama.

 **Robin Stjernberg You**
Lagið er ekki beint í uppáhaldi hjá mér en ég held að það muni gera það gott. En ég er hræddur um að hann gæti látið falsettuna yfirbuga sig og gefið okkur falskan flutning.

 **Valentina Monetta Crisalide (Vola)**
Valentina er mætt aftur með mun betri tilraun en í fyrra. Ítölsk ballaða með grípandi laglinu sungin af góðri söngkonu er fullkomin uppskrift að árangri en þó er ég nokkuð viss um að hún vinni ekki heldur lendi mjög ofarlega.

 **Margaret Berger I Feed You My Love**
Persónulega finnst mér lagið leiðinlegt en margir virðast vera ósammála. Það helsta sem mér líkar ekki við lagið er hversu viðvagnslegur textinn og framburðurinn er og hversu hart lagið er í útsetningu. Þótt mér líki ekki við lagið þá er það mjög grípandi enda er því spáð velgengni.

Hvert er þitt uppáhaldslag í keppninni í ár og af hverju? Mitt uppáhaldslag verður að vera Danmörk og ég er nokkuð viss um að ég sé ekki einn um það. Það er ólíkt öllum öðrum lögum í keppninni, það hefur einstakan hljóð og ég bara hreinlega vona að það vinni.

Hvað er versta lagið í ár og af hverju? Lag Lettlands get ég án alls efa sagt að sé klósettpása keppinnar í ár. Lagið er ekki áheyrmarhæft og ég hef algjörlega gefist upp á að hlusta á það. Söngvarar hljómsveitarinnar eru falskari en heyrnarlausir hrafnar og meðlimir hennar kunna bara einfaldlega ekki að rappa. Ég vil einnig segja að sviðsframkoma þeirra er alls ekki ásættanleg og varðandi búningana finnst mér að þeir hefðu átt að fá skriflegt leyfi frá Páli Óskari, því aðeins hann getur ákveðið hvort einhver annar en hann geti púllað glimmer-gallann.

Hvaða lag mun koma á óvart í ár og af hverju? Keppnin í ár er ekki auðveldlega lesin og ég held að mikið muni koma á óvart en ég er ekki viss um hvað það verður, eitthvað verður það þó.

Hvar lendir Ísland og af hverju? Ég spái því að Ísland komist áfram í undankeppninni og muni lenda í 10.-20. sæti. Lagið á nokkuð góðan séns þar sem það er vel samið og Eyþór alveg fjandi góður söngvari, það fer eiginlega bara eftir tónlistarsmekk Evrópubúa.

Eftirminnilegasta atriðið í Euro frá upphafi? Það fer allt eftir hverri og einni manneskju. Eftirminnilegasta atriðið er ákveðið af áhorfandanum og þau eru svo mörg sem gætu komið til greina. En margir vilja halda að það sé dúóið HaBatlanim með Shir Habatlanim, lagið sem Íslendingar þekkja sem Húbbá Hülle-lagið, frá Ísrael árið 1987.

Flottasti íslenski búningurinn frá upphafi? Ég verð að segja að íslensku búningarnir hafa allir annað hvort verið alveg ótrúlega hallærislegir eða alltof látlausir. Þau Gréta og Jónsi voru þó mjög nett í fyrra.

Hvað þarf gott Eurovision-partú að hafa? Góðan mat sem hægt er að borða fyrir framan sjónvarp, nammi, snakk, gos og þess háttar góðgæti og auðvitað góðan félagsskap.



TORFI TÓMASSON

Fyrstu sex: 311098.
Eurovision er: Frábær skemmtun.



10 HLUTIR sem verða pottþétt í Eurovision

1 BERFÆTTAR KONUR. Eftir að Loreen upphafði alsælt náttúrubarnið með sigri sínum í fyrra var alveg ljóst að ýmis Evrópulönd myndu vippra fram tánum.

2 FATASKIPTI Á SVIÐINU. Hvernig væri að í staðinn fyrir að rífa sig úr fötunum tæki einhver flytjandinn það á sig að klæða sig alltaf í fleiri og fleiri fót eftir því sem líður á og endaði í kraftgalla?

3 ÁSTARJÁTNINGAR. Keppendur í Eurovision 2013 elska áhorfendur, elska kynnana, elska SVÍÞJÓÐ og umframt allt elska þeir Evrópu. Horfnir eru dagarnir þar sem maður sendi mömmu kvæðju í gegnum ljósvakamiðla.

4 EUROVISION-HÆKKUNIN. Hún er yfirleitt í sirka öðru hverju lagi og er ætlað að rífa upp stemninguna. Það tekst stundum.

5 AÐDÁENDUR Í HVÍTUM FÖTUM. Af einhverjum ástæðum tekst myndavélunum alltaf að finna að minnsta kosti tvo mjög æsta Eurovision-nörda klædda í hvít og flaggandi flennistörum fánum. Ætli þetta séu alltaf sömu gæjarnir?

6 TACK SÅ MYCKET. Þú ert ekki í Eurovision ef þú kanst ekki að þakka fyrir þig á móðurmáli heimamanna.

7 GLEDITÁR. Einhver poppdívan, karlkyns eða kvenkyns, mun bara ekki skilja hvað það gengur vel þegar 12 stigin góðu hrúgast inn.

8 LAG UM FRÍÐ. Það kemur yfirleitt frá Ísrael.

9 ÞJÓÐARSTOLT. Þjóðlegir dansar, búningar og söngvar eru staðlað fyrirbæri enda þykir Eurovision frábær landkynning. Hvern langaði ekki til Rússlands eftir að hafa séð ömmurnar í fyrra?

10 AUSTUR-EVRÓPU FRÆNDSKAPUR. Við munum bölvva honum allt fram í rauðan dauðann. „Helvítis klíkuskapur“ hreytum við út úr okkur og gefum Dönem tólf stígg og ást okkar allra.



Auðvitað er þetta sturlun

Monitor er svo heppinn að eiga sannkallaðan Euro-hauk í horni, hann Hauk Johnson, sem mun fylgjast grannt með gangi mála í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva

Þá er hin árlega, vikulanga raðfullnægning Eurovision-nörða hafin og hún er hvergi kraftmeiri en akkúrat hér í Malmö. Það er erfitt að útskýra með orðum hversu mikil upplifun það er fyrir Euro-nörda að vera hér en mætti kannski bera það saman við sumarfrí í Strumpalandi fyrir fólk með strumpablæti. Til að gefa smá innsýn þá get ég talið upp viðburði fyrsta sólarhringsins míns hérna.

Fyrsta verk var að drífa sig beint í höllina til að horfa á fyrstu generalprufuna. Þá fær maður að horfa á lögin í aðeins meiri ró en í beinni útsendingu og maður nær jafnvel að troða sér alveg fremst til að fá betra sjónarhorn. Því næst var brunað í kynningarpartí ísrælsku sendinefndarinnar þar sem maður gæddi sér á hummus og alls konar kosher-mat og kannski sorgum saklauss fólks, á meðan ísrælski fulltrúinn söng Hallelujah uppi á sviði. En þrátt fyrir að þarna væru margir af flytjendum ársins



komnir saman til að troða upp tók alvöruveislan ekki við fyrr en komið var á Eurofan Café, þar sem stærsta Eurovision-pöbkkviss sögunnar fór fram. Yfir 140 lið tóku þátt en þegar nörðar á þessu stigi safnast saman er ekki auðvelt að finna sigurvegara þar sem allir virðast vita allt. Og Eurovision-kræsingarnar héldu áfram að dælast inn, eins og rjómaþellur á færíbandi beint upp í munn á mér. Áður en yfir lauk hafði maður séð Riverdance, heyrð íslensk og erlend Eurovision-lög og meðal annars hlýtt á hinar fornfrægu Bobbysocks. Hera Björk átti að vera þar en forfallaðist en þar var einnig Linda Martin sem allir muna að sjálfsgöðu eftir frá 1992, þegar hún vann fyrir Írland með laginu Why Me eftir Johnny Logan. Linda sló reyndar algjörlega í gegn, orðin 66 ára, í djörfum glimmerkjól og tók hún meðal annars hittarann Ooh Ahh Just a Little Bit með stuðningi léttklæddra ungra karldansara við gríðarlegan fögnuð áhorfenda.

Ég staldraði aðeins við, hugsaði með mér að það væri örugglega fátt skemmtilegra og þakklátara en að vera gömul kona sem hefur unnið Eurovision. Við erum eins og mafian – þegar þú ert kominn inn þá kemstu ekki út og við sjáum alltaf um þig. Svo varð ég svolítið leiður því það er mjög óraunhæft að ég verði nokkurn tímann gömul kona sem hefur unnið Eurovision. En lífið hérna megin er líka gott og heldur áfram og í staðinn get ég hlakkað til að hjálpa Ruslönu að pumpa upp sitt egó þegar hún er orðin gömul og ferill hennar er á enda. Árið 1982 neitaði franska ríkissjónvarpið að sýna Eurovision og sagði dagskrárstjórnin að Eurovision væri vitnisburður um sturlun (e. monument to insanity). Hann hefur kannski haft eitthvað fyrir sér.

Haukur Johnson



Íslenskir bikarlyftingar

Íslendingar eiga fjöldann allan af hæfileikaríkum íþróttamönnum sem hafa gert það gott í útlöndum og í vor eigum við þónokkra fulltrúa sem lyftu titli með félagsliðum sínum í Evrópu.

Það er alltaf yndislegt þegar Íslendingar láta að sér kveða á erlendri grundu. Við fögnum því þegar íslenskt lag heyrst í útlöndum, þegar Íslendingur gerir Hollywood-mynd eða þegar landsliðin okkar ná langt á stórmótum. Heimur knattspyrnunnar er ansi stór en samt eigum við marga fulltrúa sem eru að gera það gott á fótboltavellinum. Kvennalandsliðið er eitt það besta í heimi og margar þeirra leika með liðum í Evrópu og verður gaman að sjá hvernig þeim mun reiða af í sínum deildum. Nýlega hafa þó margir piltar gert það gott með sínum félagsliðum og gerðust nokkrir þeirra svo almennilegir að spjalla við blaðamann Monitor.

ARNÓR SMÁRASON

Fyrstu sex: 070988.

Félagslið: Esbjerg FB í Danaveldi.

Landsleikjafjöldi: 16 landsleikir og 2 landsliðsmörk.

Upphaldsknattspyrnumaður: Steven

Gerrard hefur alltaf verið í miklu upphaldi,

hann hefur átt frábæran feril. Upp á síðkastið hef ég gert það að vana mínum að horfa á klippur með Dennis Bergkamp fyrir leiki. Þvílíkur leikmaður sem það var.

Fótboltaskótegund: Nike CTR360 Maestri 3.



Sjóðheitt útskriftarpartí í sumar

Í hvaða sæti myndir þú setja þennan titil á fótboltaafrekalistanum þínum? Þessi bikar-meistaratitill fer í fyrsta sætið hjá mér. Ég vann hollenska bikarinn með SC Heerenveen árið 2009.

Þrátt fyrir að hafa setið á bekknum í úrslitaleiknum þá spilaði ég mikið það ár og fannst ég því eiga helling í þeim titli. En það er alltaf aðeins skemmtilegra þegar þú spilar sjálfan úrslitaleikinn og vinnur hann þannig að þessi fer á toppinn.

Hvernig fagnaðir þú titlinum með félögum þínum?

Eftir gífurleg fagnaðarlæti á vellinum sjálfum, tók við þriggja tíma rútuferð heim til Esbjerg. Augljóslega var aldrei dauður punktur í þessari rútuferð og menn að fá sér einn, tvo, þrjá. Þegar heim var komið var haldið beinustu leið niður í miðbæ þar sem við fögnuðum með kærustum, konum og stuðningsmönnum fram til morguns.

Hvert var klefalagið hjá liðinu? Það er mjög misjafnt eftir því hver er DJ. Ef það er finnski landsliðsmarkmaðurinn okkar þá er mikill sumarflingur í gangi. Svo erum við með einn frá Ghana sem er rosalega trúður og hlustar bara á trúartónlist sem enginn vill heyra. Hann er mjög lúmskur í því að koma sínu á framfæri. Fær sennilega hjálp að ofan.

Hvað hefur skilað þér á þann stað sem þú ert á í dag? Ég hef fórnað mjög miklu til þess að vera þar sem ég er. Ég flutti frá fjölskyldu og vinum þegar ég var 15 ára gamall til þess að alast upp við hollenskan knattspyrnustíl, þann stíl hef ég síðan tekið með mér til Danmerkur og mun taka með mér þangað til ferlinum lýkur. Í þau skipti þar sem ég hef kynnst mótlæti, þegar ég hef meiðst og annað, þá hef ég reynt að vera jákvæður og unnið að því að koma sterkari til baka í hvert einasta skipti og haft trú á sjálfum mér. Allt þetta hefur skilað sér í þann persónuleika sem ég hef utan vallar og þá hæfileika sem ég hef innan vallar.

Er stefnan sett ennþá hærra? Stefnan er alltaf sett hærra. Nú eru tveir titlar komnir í hús, en ég þekki ekki orðið saddur í fótbolta. Nú byrja ég að setja stefnuna á næsta titil, hvar sem það verður. Vonandi í einni af stærstu deildum Evrópu.

Hvað tekur við í sumar? Ég er að útskrifast sem stúdent. Búinn að taka einn og einn áfanga í gegnum tíðina og þá er tilvalið að henda í eitt sjóðheitt útskriftarpartí í tilefni af því. Einnig er mikilvægur landsleikur við Slóvena í byrjun júní sem ég set stefnuna á að taka þátt í. HM-draumurinn lifir og við ætlum að halda honum lifandi með sigri á Slóvenum heima.



Grjóthörð stemning í miðbæ Alkmar

Í hvaða sæti myndir þú setja þennan titil á fótboltaafrekalistanum þínum? Þetta er minn fyrsti titill í meistaraflokki þannig þetta er klárlega númer eitt.

Hvernig fagnaðir þú titlinum með félögum þínum? Menn drukku nokkra kalda og skelltu sér svo niður í miðbæ Alkmaar og þar var grjóthörð stemning.

Hvað hefur skilað þér á þann stað sem þú ert á í dag? Mikill metnaður og svo að sjálfsgöðu aukaaefingarnar sem maður hefur gert í gegnum tíðina.

Er stefnan sett ennþá hærra? Já, að sjálfsgöðu er hún sett hærra. Ég vil komast í stærri deild og stærra lið einn daginn og vonandi rætast þeir draumar.

Hvað tekur við í sumar? Bara slaka á með fjölskyldu og vinum svo kannski kíkir maður á heimavöll Rúriks og Arons um helgar sem að sjálfsgöðu er B5.

Lumar þú á einhverjum skilaboðum til yngri knattspyrnu-iðkenda sem dreymir um að verða atvinnumenn í knattspyrnu? Þið skuluð reyna að taka mikið af aukaaefingum og hafa gaman af þessu, ég held að það sé aðalmálið.



JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON

Fyrstu sex: 271090.

Félagslið: AZ Alkmaar í Hollandi.

Landsleikjafjöldi: 24 leikir.

Upphaldsknattspyrnumaður: Cristiano

Ronaldo, eða Big Game Ron eins og hann er kallaður, er minn upphaldsleikmaður. Svo er auðvitað ekki hægt að líta fram hjá Messi en hann verður að sætta sig við annað sætið á mínum lista.

Fótboltaskótegund: Nike Vapor.



ARON EINAR GUNNARSSON

Fyrstu sex: 220489.

Félagslið: Cardiff City.

Landsleikir: Ég er ekki alveg með það á hreinu. Er ég ekki kominn í 35 eða eitthvað þannig? (innsk. blm: Aron er kominn með 34 landsleiki)

Upphaldsknattspyrnumaður: Makalele var í miklu upphaldi þegar ég var yngri en núna er það Cristiano Ronaldo, mér finnst gaman að fylgjast með honum. Svo er Rúrik Gíslason svakalega myndarlegur inni á vellinum svo ég verð að nefna hann líka.

Fótboltaskótegund: Puma Speed, ég þarf á þessum aukahraða að halda, segja sumir.



Hringdi í mömmu beint eftir fögnuðinn

Í hvaða sæti myndir þú setja þennan titil á fótboltaafrekalistanum þínum? Þetta er stærsta afrek sem ég hef verið hluti af. Í fyrria tapaði ég í úrslitaleik Carling Cup á Wembley og þó að það hafi auðvitað verið skemmtileg upplifun þá hefur það alltaf verið draumur minn að spila í úrvalsdeildinni á Englandi svo þessi titill fer í fyrsta sætið.

Hvernig fagnaðir þú titlinum með félögum þínum? Ég fagnaði vel með strákunum inni í klefa. Svo hringdi ég í mömmu gömlu til að heyra hversu stolt hún væri af litla stráknum sínum. Síðan héldum við allir í bæinn með konum og öllu starfslíðinu þar sem við fögnuðum til morguns.

Hvað hefur skilað þér á þann stað sem þú ert á í dag?

Dugnaður meira en allt. Ég hef verið svakalega duglegur að vinna í mínum veikleikum og bætt mig svakalega mikið þó ég segi sjálfur frá. Svo spilar aginn inn í þetta líka. Menn þurfa að hafa aga í þessum harða heimi, það er bara þannig.

Er stefnan sett ennþá hærra? Ég er búinn að ná markmiðinu sem ég setti mér þegar ég kom til Englands svo núna set ég mér annað markmið. Ég er ekki búinn að setja mér það ennþá en stefnan er alltaf hærra því maður getur alltaf bætt sig nema ef maður heitir Messi.



menn



SIGURVEGARAR

Danskir meistarar: F.C. København.
Fulltrúar Íslands: Ragnar Sigurðsson, Rúrik Gíslason og Sölvi Geir Ottesen.

Danskir bikarmeistarar: Esbjerg FB.
Fulltrúi Íslands: Arnór Smárason.

Meistarar í ensku Championship-deildinni: Cardiff City.
Fulltrúar Íslands: Aron Einar Gunnarsson og Heiðar Helguson.

Hollenskir meistarar: Ajax.
Fulltrúi Íslands: Kolbeinn Sigþórsson.

Hollenskir bikarmeistarar: AZ Alkmaar.
Fulltrúar Íslands: Aron Jóhannsson og Jóhann Berg Guðmundsson.



RÚRIK GÍSLASON

Fyrstu sex: 250288.
Félagsslið: FCK í Danmörku.
Landsleikjafjöldi: Látum okkur sjá. Segjum í kringum 20 A-leikir. (Innsk. blm: 21 landsleikur og 1 mark)
Uppáhaldsknattspyrnumaður: Pass.
Fótboltaskótegund: Adidas F50.

„Má ekkert lengur?“

Í hvaða sæti myndir þú setja þennan titil á fótboltaafrekalistanum þínum? Þetta fer í þriðja sæti. Í fyrsta sæti hjá mér er þegar ég spilaði minn fyrsta A-leik á Laugardalsvelli og í öðru sæti er þegar U21-landsliðið komst á EM.

Hvernig fagnaðir þú titlinum með félögum þínum? Við fórum út að borða. Við fögnum betur eftir síðasta leikinn á sunnudaginn.

Ertu búinn að fá viðreynslu frá gellum? Pass.

Mega gellur reyna við þig eða ertu á föstu? Má ekkert lengur?

Hvert var klefalagið hjá liðinu? Blurred Lines og Get Lucky eru mikið spiluð núna.

Hvað hefur skilað þér á þann stað sem þú ert á í dag? Gamla klisjan: æfa mikið, meira en aðrir og svo sakar kannski ekki að hafa smá hæfileika.

Er stefnan sett ennþá hærra? Engin spurning.

Hvað tekur við í sumar? Gott sólarlandafri og kannski smá heimsókn til Íslands.

Lumar þú á einhverjum skilaboðum til yngri knattspyrnuíðkenda sem dreymir um að verða atvinnumenn í knattspyrnu? Láttu vaða á það og ekkert múður.

TÆKIFÆRI Í MÁLM- OG VÉLTÆKNI

Vilt þú öðlast færni til að sinna skemmtilegu og vel launuðu starfi?

Kynntu þér nám í málmiðngreinum í fjölbrauta- og iðnskólum

Borgarholtsskóli • Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra • Fjölbrautaskóli Suðurlands • Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Fjölbrautaskóli Vesturlands • Fjölbrautaskólinn í Vestmannaeyjum • Iðnskólinn í Hafnarfirði • Menntaskólinn á Ísafirði
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins • Verkmenntaskóli Austurlands • Verkmenntaskólinn á Akureyri





3D

Prívíddarvinnsla fyrir
kvikmynda-, sjónvarpsþátta-
og tölvuleikjagerð.

VFX

Eftirvinnsla
fyrir kvikmyndir
og auglýsingar.

WEBDESIGN

Snjallir vefir með
HTML5 og CSS3.

GAMEDESIGN

Gerðu þína eigin
tölvuleiki í Unity.

Margmiðlunarskólinn býður fjölbreytt 2 ára diplómanám á fagháskólastigi í margmiðlun.
Umsækjendur þurfa að hafa lokið framhaldsskólaprófi.

Innritun á tskoli.is

Samstarfsaðilar:

FRAMESTORE



CAOZ

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Manneskjan meira rándýr en úlfar

Arnar Freyr og Helgi Sæmundur eru Úlfur Úlfur.

Hljómsveitin, sem er nýkomin frá Færeyjum,
ræddi við **Monitor** um nýtt efni, dýrslega eðlið
í mannum og skortinn á „gangsteralátunum“.



ARNAR UM HELGA

Þrjú orð sem lýsa Helga vel: „Úlfur Úlfur gaurinn“.

Það sem ég kann best að meta við hann: Hann er á sömu blaðsíðu og ég þegar kemur að flestu í veröldinni - og þegar hann er það ekki þá er hann sjaldnast „dick about it“.

Það fyndnasta sem hann hefur gert: Einu sinni var ég með honum á bar þar sem hann missti og mölbraut tvo stóra bjóra í röð, áður en hann gat fengið sér sopa, því hann „kunni ekki lengur á hendur“, eins og hann orðaði það.

Það sem ég öfunda hann mest fyrir: Hann er margfalt betri tónlistarmaður en ég. Það er samt öfund í bland við aðdáun.

Það sem þírrar mig við matarsmekkinn hans: Hann nennir alltaf að hafa svo fokking mikið fyrir kvöldmatnum sínum. Of oft sit ég og borða hafragraut eða eitthvað „jafn easy“ og fæ Snapchat af honum að klæmast við 300 g steik.

Það sem þírrar mig við aksturslagið hans: Hann er þrýðilegur ökumaður en stundum mætti hann alveg halda í sér fretum. Viðvörðun væri allavega næs.



Þegar undirritaður settist niður með röppurinum Amari Frey Frostasyni og Helga Sæmundi Guðmundssyni brann á mér aulabrandari. Í ljósi þess að strákarnir mynda saman hljómsveitina Úlf Úlf og koma frá Saudárkróki varð ég að spyrja hvort ekki væri víðeigandi að kalla þá „úlfa í saudargærum“ en um leið gefa til kynna að mér væri ekki fyllilega alvara með spurningunni. Ég uppskar víðeigandi aulahlátur og svarið: „Hvernig getur það verið að við höfum aldrei fengið þessa spurningu áður? Kannski má svo sem kalla okkur það, en helst ekki samt.“ Þegar aulabrandarinn var afgreiddur spjallaði undirritaður við Arnar og Helga um djammið í Færeyjum, íslenskt rapp, dýrslega eðlið í manninum og vinsælasta lag FM957 á síðasta ári, Ég er farinn.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Kristinn Ingvarsson

einar@monitor.is
kring@mbli.is

Þegar erva hringdi í ykkur í gær varst þú í baði í Færeyjum, Arnar. Hvað voruð þið að gera þar?

A Viltu að ég segi þér frá baðinu? Því þetta var rosalega gott bað. En nei, við vorum að spila á þrítugsafmæli Norræna hússins í Þórshöfn ásamt Sísí Ey, færeysku hljómsveitinni Birtu og danska DJ-inum Brynjólfi. Við vorum þarna yfir helgi og þetta var bara stanslaust parti og mikil vinátta á meðal þjóða.

B Birta, sem inniheldur meðal annars Janus úr Bloodgroup, var sem sagt aðalnúmerið á þessum tónleikum og meðlimir hennar höfðu bara ákveðið að velja tvær íslenskar hljómsveitir til að spila líka og þau höfðu samband við okkur, sem var mjög skemmtilegt.

Mér skilst að þið hafið báðir verið að koma til Færeyja í fyrsta sinn. Hvernig var það?

A Það var ógeðslega gaman og Færeyingar eru eiginlega bara alveg eins og Íslendingar að öllu leyti. Hins vegar mega þeir „step up their game“ þegar kemur að því að leggja götur og gera hamborgara. Það er engin regla á gatnakernfinu, þetta eru allt bara einstefnugötur þvers og kruss yfir einhverja kletta. Að vísu er það kannski bara kúl hvernig þau lifa með náttúrunni á meðan við Íslendingar erum alltaf eins og við séum í SimCity, jöfnum allt við jörðu áður en við byggjum. En Færeyingar eru stórkostlegir og veðrið var miklu betra en ég þorði að gera ráð fyrir.

B Já, það var milt og huggulegt. Þetta með hamborgarana sem Arnar kom inn á var aðallega það að þeir nota kjötfars en ekki nautahakk. Þetta var bara eins og svikinn héri í brauði.

A Já, svo var einhver bleik sósa á þeim. Ég get ekki einu sinni staðsett bragðið af henni.

B Djammið þarna var líka mjög skemmtilegt. Eftir að staðirnir hjá þeim loka þá fer samt enginn heim strax. Annaðhvort hangir fólk bara úti á götu saman í einn eða tvo tíma þar til þeir fara heim eða það fer á svokallað „morgunball“.

A Eftirpartí í Færeyjum heita sem sagt „morgunball“, sem er náttúrliga geðveikt.

Þið eruð báðir frá Saudárkróki. Erúð þið æskuvinir af Króknum?

B Við urðum vinir þegar við vorum svona 13-14 ára.

A Við höfum vitað hvor af öðrum alla ævi en fyrir 13-14 ára aldurinn héngum við ekkert saman af því að það er eitt ár á milli okkar. Einhverra hluta vegna var ég bara með jafnöldrum mínum og Helgi bara með jafnöldrum sínum þangað til hann fattaði að ég væri rappari. Þá tók hann mig eiginlega bara undir sinn verndarvæng.

B Þá myndaðist ákveðinn vinahópur, við tveir og Jói vinur okkar sem er í Redd Lights í dag.

Þið nefnið báðir íþróttamenn sem æskuátrúnaðargoðin ykkar. Voruð þið íþróttagarpar alveg þar til þið kynntust rappinu?

B Ég var í fótbolta þegar ég var mjög ungur en fór svo yfir í körfubolta og stundaði hann þar til ég var 15-16 ára. Eftir það fór allt til fjandans.

A Ég æfði fótbolta, körfubolta og golf og var alveg á fullu í því þangað til ég var svona 15-16 ára. Ég flosnaðist einmitt líka bara upp úr því þegar ég fór að djamma og þegar íþróttimar hættu að snúast um það að hafa gaman af þeim. Við stundum hins vegar alveg báðir líkamsrækt í dag, við erum ekki bara einhverjir rónar.

Hvernig komust þið í kynni við rappið?

A Mér finnst eiginlega óraunverulegt hvað ég var ungur þegar ég fattaði að rapp væri sú tónlist sem mig langaði helst að hlusta á. Fyrstu minningar mínar um rapp tengjast plötunni Doggystyle með Snoop Dogg sem kom út árið '93 þegar ég var 5 ára. Ég hef kannski ekki verið 5 ára þegar ég hlustaði á hana, en ég man klárlega eftir að hafa verið að hlusta á hana í 2. bekk. Ég man eftir að hafa verið að hlusta á hana inni í herbergi hjá stóra bróður vinar míns og svo stal ég plötunni (hlær).

Ög skilaðir þú henni aftur?

A Nei, reyndar ekki. Fljótlega fór ég svo að semja mína eigin texta. Fyrst ætlaði ég reyndar bara að þýða enska rapptexta og nota þá. Ég man eftir að hafa ætlað að fara í gegnum textann við Gz and Hustlas með enska orðabók að vopni en það gekk náttúrliga ekki vel. Svo þegar ég heyrði fyrst rapplag á íslensku áttaði ég mig á því að það væri mögulegt að semja á íslensku og fyrsta lagið mitt varð til þegar ég var svona 13 ára. Ég hef aldrei á ævinni verið jafnákafur og áhugasamur um eitthvað af því ég vissi bara að þetta væri það sem mig langaði að gera. Meira en áratug síðar er ég alveg jafnviss.

B Þegar ég var lítill hlustaði ég mest á kassetu með sænsku „næntishljómsveitinni“ Ace of Base þangað til stóri bróðir minn tók mig einu sinni á rúntinn og leyfði mér að hlusta á Tupac. Upp frá því hefur hann verið minn maður. Þegar ég var 11 ára var ég sem sagt bara heima hjá mér að rappa á ensku um að drepa löggvar og eitthvað (hlær).

Upp frá því tókuð þið báðir þátt í Rímnaflæði. Helgi, þú vannst árið 2002 og Arnar, þú lentir í 2. sæti árið eftir. Öðluðust þið mikla reynslu af því?

B Já, algjörlega. Það var auðvitað virkilega góð reynsla að þora að stíga upp á svið í fyrsta skipti. Þetta var samt líka fyndið, maður vissi í raun svo lítið hvað maður var að gera. Ég var bara einhver lítill gaur frá Saudárkróki sem var allt í einu mættur í einhverja rappkeppni í Reykjavík. Ég fór meira að segja bara einn, mamma skutlaði mér og félagsmiðstöðin vissi ekki einu sinni að ég

hefði tekið þátt og unnið fyrr en nokkrum vikum seinna.

▲ Það var svipað með mig. Ég var bara látinn út einhvers staðar í Breiðholti og vissi ekki neitt. Ég var allt í einu bara mættur upp á svið og þekkti bókstaflega ekki neinn í salnum. Þetta var ógeðslega góð reynsla og auðvitað kúl að lenda til dæmis á palli í einhverju dæmi sem fékk jafnvel umfjöllun í blöðunum og svona.

Helgi, mér er sagt að þú hafir hins vegar snúið baki við rappinu tímabundið. Dróst þú hann aftur inn í leikinn, Arnar?

▲ Já, mögulega.

► Ég held að það sé alveg hægt að orða það þannig. Ég var í rokkhljómsveit og einni blúshljómsveit og svo þegar við vorum í Fjölbautaskólanum á Sauðárkróki þá varð þessi hugmynd til hjá okkur að stofna rapphljómsveit sem væri með lifandi undirspili og þá fór ég og keypti mér „syntheseizer“ og við stofnuðum Bróður Svartúlfs.

Bróðir Svartúlfs vann Músiktilraunir árið 2009. Hvað varð til þess að sú sveit hvarf af sjónarsviðinu og Úlfur spratt fram?

▲ Þetta voru alls ekki einhver dramatísk endalok hjá Bróður Svartúlfs. Við vorum bara komnir á stað þar sem menn höfðu mismikinn áhuga á því sem við vorum að gera, það gekk illa að semja tónlist og ég held að við höfum allir vitað í hvað stefndi. Líklega hefur aðalástæðan verið sú að okkur Helga langaði að gera eitthvað rappað en hina langaði að gera eitthvað meira rokk.

► Á þeim tímapunkti bjuggum við Arnar saman og við vorum þá þegar farnir að leika okkur aðeins að gera öðruvísi lög bara tveir saman.

▲ Já, það má segja að Úlfur hafi byrjað sem hálfgerð grínliðarverkefni sem við fórum síðan smám saman að taka alvarlega.

Hljómsveitin Of Monsters and Men vann Tilraunir árið á eftir ykkur. Hugsid þið aldrei: „Bara ef Bróður Svartúlfs hefði haldið áfram, þá værum við að spila í Jay Leno og Saturday Night Live í annarri hverri viku“?

Báðir hlæja.

▲ Sko, eitt í sambandi við Bróður Svartúlfs var það að þetta var alls ekki tónlist fyrir hvern sem var. Of Monsters and Men semur tónlist sem er mjög aðgengileg, sem er mjög góður hlutur í mínum augum. Það er hæfileiki að geta gert aðgengilega tónlist sem er frumleg á sama tíma. Ég vil meina að við höfum verið frumlegir en ekkert sérstaklega aðgengilegir.

► Við gerðum tónlist sem við erum mjög stoltir af en við vorum kannski ekki beint að hugsa út í það að markaðssetja hana vel.

▲ Einmitt. Engu að síður var það í gegnum allt dæmið með Bróður Svartúlfs sem við föttuðum að þetta væri eitthvað sem við gætum kýlt á. Hún lagði grunninn að því sem við erum að gera í dag.

▲ *Ég hef aldrei á ævinni verið jafn-ákafur og áhugasamur um eitthvað af því ég vissi bara að þetta væri það sem mig langaði að gera. Meira en áratug síðar er ég alveg jafnviss.*

Hvernig finnst ykkur íslenska rappsenan?

▲ Hún er góð en hún er kannski lítil að því leytnu til að það eru ekki mjög margir sem eru að reyna að búa sér til einhvern tónlistarferil úr þessu og mér finnst að fleiri mættu gera það. Á undanförunum árum hefur íslenskt rapp að mínu mati farið upp á eitthvað æðra „level“ og ég held að það sé eiginlega pródúsentunum að þakka.

► Já, „sándið“ er alltaf að verða betra og menn eru líka búnir að viðurkenna þetta poppelement innan rappsins. Ég held að um leið og það gerðist hafi rappað orðið aðgengilegra.

Þið áttuð aðalslagarann á FM957 í fyrra, Ég er farinn. Munið þið eftir augnablikinu þar sem þið vissuð að þetta lag myndi ná flugi?

► Já, það var þegar Emmsjé Gauti sagði okkur það.

▲ Já, mig minnir að hann hafi verið fyrstur til að segja það svona hreint út. Alveg eins og allt með Bróður Svartúlfs lagði grunninn að því sem við erum að gera í dag, þá breytti þetta lag ansi miklu fyrir okkur sem hljómsveit.

Ég geri ráð fyrir að þið séuð báðir með lagið sem hringitón í símanum ykkar og vekjaraklukkunni.

▲ Einmitt (hlær). Ég elska þetta lag en ég forðast það næstum því að heyrja það.

► Já, maður var kominn með leiða á því áður en það kom út þannig að þú getur rétt ímyndað þér.

Lagið var að finna á frumburði sveitarinnar, breiðskífu sem ber nafnið Föstudagurinn langi, sem þið gáfuð ókeypis á netinu. Hvers vegna gerðuð þið það?

▲ Í fyrsta lagi var það ódýr kostur og í öðru lagi var það ótrúlega góð leið til að ná til sem flestra. Eins og þú segir var þetta frumburðurinn okkar, það vissi þannig séð enginn hver við vorum og okkur langaði bara að sem flestir myndu hlusta á okkur.

► Við létum gera 100 eintök af plötunni sem seldust upp á útgáfutónleikum. Síðan fannst okkur bara allt í lagi að hafa hana fría á netinu af því upptökuférlíð var alls ekki dýrt. Við tókum plötuna alla upp sjálfir í svefnherberginu heima hjá mér, hljóðblönduðum sjálfir og fengum svo vini okkar í Redd Lights til að „mastera“.

Nú eruð þið að byrja að kynna efni af næstu breiðskífu og sendið frá ykkur nýtt tónlistarmyndband í kvöld við lagið Sofðu vel.

▲ Já, þetta er lag sem við unnum í samstarfi við Redd Lights, rétt eins og Ég er farinn. Þrátt fyrir það er annar tónn í þessu. Við erum sem sagt ekki að fara að gera það sama aftur.

► Fólk á sem sagt ekki að búast við einhverjum sumarslagara, það er að segja við lögðum ekki upp með það.

▲ Ég held að þetta lag gefi samt mjög góða mynd af því sem við erum að stefna að með næstu plötu.

HELGI UM ARNAR

Þrjú orð sem lýsa Arnari vel: Swole, skegg og FIFA.


Það sem ég kann best að meta við hann: Hann er svokallaður „do-er“. Ég er stundum erfiður að vinna með en hann slær mig utanundir. Það þarf að slá mig utanundir.

Það myndasta sem hann hefur gert: Arnar er mjög góður að „qwoppa“ og getur gert sig tileygðan. Einu sinni vorum við á hóteli í Amsterdam og Arnar „qwoppaði“ tileygður allan hótélganginn. Það var „the funniest shit“.

Það sem ég öfunda hann mest fyrir: Að vera „do-er“ og „thinker at the same time“. Ég vil líka geta „qwoppað“.

Það sem þírrar mig við matarsmekkinn hans: Ég vil helst ekki tala um það. En það er „dead serious“.

Það sem þírrar mig við aksturslagið hans: Það er ekkert að aksturslaginu hans. **Hann er sannkallaður ökuþór.** Hann kann samt ekki að keyra sjálfskipta bíla og harðneitar að reyna. Það fer ekki í taugarnar á mér en það er megaskrýtið. Hann ætti að tala við einhvern um það.





HELGI Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 280287.
Uppáhaldsmatur: Nautasteik.
Lag í uppáhaldi þessa stundina: Figure Eight með Ellie Goulding.
Uppáhaldsípróttamaður: Peter Schmeichel.
Æskuátrúnaðargöð: Peter Schmeichel líka.

ARNAR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 290288.
Uppáhaldsmatur: Hamborgarar í öllum stærðum og gerðum.
Lag í uppáhaldi þessa stundina: Numbers on the board með Pusha T.
Það fyndnasta sem ég hef séð á netinu: Hestagrímur eru í 80% tilfella ástæðan fyrir því að ég hlæ upphátt af netinu.
Uppáhaldsípróttamaður: Ég fylgist ekkert með íþróttum í dag og á þar af leiðandi engan uppáhaldsípróttamann.
Æskuátrúnaðargöð: Stan Collymore.

Ég held að þetta verði meiri „headphone-plata“ en sú fyrri. Sem sagt ekki alveg jafnmikil partíplata, nema náttúrlega ef fólk dansar bara aðeins hægar við þessi lög.

■ Myndbandinu er leikstýrt af Einari Braga Rögnvaldsyni og Frey Árnasyni. Það kom rosalega stór og góður hópur að myndbandinu sem fórnaði heilli helgi í það og við kunnum þeim bestu þakkir fyrir það.

Óttist þið ekkert pressuna sem fylgir því að gefa út plötu númer tvö á eftir vel heppnaðri frumraun?

■ Nei, ég get ekki sagt það. Fyrst og fremst af því við ætlum ekki að gefa út alveg eins plötu. Þessi plata verður töluvert persónulegri. Við vorum að tala um að hún yrði dimm á bjartan hátt, er það ekki?

▲ Jú, eða björt á dimman hátt?

■ Já, hún verður allavega með dekkra yfirbragði.

▲ Hún er tilraunakenndari en ég held að hún muni samt falla í kramið því hún verður án efa betur gerð. Ég held að ég geti fullyrt það að sem heildstæð plata verður þessi betri en sú fyrri.

■ Ég held að þetta verði meiri „headphone-plata“ en sú fyrri. Sem sagt ekki alveg jafnmikil partíplata, nema náttúrlega ef fólk dansar bara aðeins hægar við þessi lög.

Upp úr hverju leggið þið helst í textagerðinni?

■ Ég hugsa að í grunninn séum við aðallega að segja sögur en við tölum mjög mikið undir rós í textunum okkar.

▲ Já, við reynum að segja sögur ásamt því að skapa eitthvað ákveðið andrúmsloft. Sumir textar segja kannski ekki beint neina sögu en ganga bara út á það

að við erum að velta einhverju atriði ítarlega fyrir okkur. Mörg laganna fjalla til dæmis um eitthvað ákveðið atriði sem tengist djamminu, ástæðuna fyrir djamminu eða af hverju það er gott að drekka svona rosalega mikið. Annars deilum við mjög lítið á hluti, erum oftast bara að lýsa aðstæðum eða „mála myndir“.

Vantar ekki meiri „gangsterlæti“ í ykkur? Þurfið þið ekki að rappa meira um bílana ykkar eða hvað húsinn ykkar eru stór og glæsileg?

▲ Við eigum báðir mjög ljóta bíla. Það gæti samt alveg gengið upp að rappa um bílinn minn. Þó svo að hann sé ljótur þá hefur hann stórkostlegan persónuleika og við erum góðir vinir. Við höfum gengið í gegnum súrt og sætt, ég hef hatað hann og ég hef elskað hann. Þetta yrði kannski bara eins og lag um ástarsamband við konu.

■ Ég gæti kannski rappað um „crib-ið“ mitt af því að ég bý í einbýlishúsi á Hellu þessa dagana.

▲ Já, nákvæmlega. Ætli nokkur íslenskur rappari búi í jafnstóru húsi og þú?

■ Ég veit það ekki. Ég er ekki viss um það.

▲ Á sama tíma held ég að það sé enginn íslenskur rappari sem býr í minni íbúð en ég (hlær).

Hvað gerið þið þegar þið eruð ekki að fást við tónlist?

■ Ég er búinn að vera að vinna hjá Kjötsmíðjunni en er nýhættur þar til þess að einbeita mér að plötunni okkar sem við ætlum að klára í sumar. Ég ætlaði nú að vera

duglegur við að leggja fyrir en það gekk ekki alveg sem skyldi.

▲ Ég er í viðskiptafræðinámi og í hljómsveitinni og svo geri ég náttúrlega bara þetta „beisikk“ dót eins og að hanga með vinum mínum, fara í ræktina og svo framvegis.

Bróðir Svartúlfs og svo Úlfur Úlfur. Eruð þið með einhvers konar úlfblæti?

■ Úlfar eru rosalega sexí. Í textunum okkar erum við einmitt líka svoltið oft að velta fyrir okkur dýrslega eðlinu sem finnst líka í mannfólki. Það eðli brýst einmitt mjög mikið út á djamminu og þess vegna er djammið mjög góður vettvangur fyrir slíkar pælingar.

▲ Úlfar eru náttúrlega alltaf svo mikil rándýr en manneskjan er alltaf meira rándýr.

Að lokum, hvernig verður sumarið?

■ Ég verð mikið að vinna í garðinum við húsið mitt. Hann er stór og ég þarf að slá hann og snyrta trén og svona.

▲ Hvað hljómsveitina varðar er forgangsatriðið að klára plötuna og svo verðum við að spila eitthvað. Við erum til dæmis bókaðir á Keflavík Music Festival, Lunga og Gærinni í sumar.

■ Já, ég er í raun til í að spila sem mest í sumar. Við skulum segja að sumrinu verði helst varið í stúdíóinu og á þjóðveginum.



2010



VIÐ HÖFUM OPNAÐ Á AKUREYRI

Hamborgarafabrikkann hefur opnað á jarðhæð Hótel Kea á Akureyri.

Nýja Fabrikkann er með sama sniði og sú í Reykjavík, sami matseðill gildir og sömu verð. Skemmtileg sérkenni prýða nýju Fabrikkuna og má þar nefna beljuna Rauðhumlu, risavaxna mynd af sjálfum Ingimar Eydal og Skóðanum og styttuna af Rúnari Júl, sem fluttist nýverið búferlum norður yfir heiðar.

Við hlökkum til að taka á móti gestum og bjóðum afmælisbörn á öllum aldri sérstaklega velkomin. Þau fá ókeypis afmælisís og íslenskt óskalaag að eigin vali.

Opnunartímar:

Sun - mið. 11.00 - 22.00
Fim - lau. 11.00 - 24.00

Borðapantanir:

S: 575 7575
fabrikkann@fabrikkann.is
www.fabrikkann.is



ÚT Á LÍFIÐ

SKÓR - JEFFREY CAMPPELL.
SAMFESTINGUR - SPÚÚTNIK.
BOLUR - SPÚÚTNIK.
HÁLSMEN - TOPSHOP.



SPARI

SKÓR - JEFFREY CAMPPELL.
BUXUR - TOPSHOP.
BOLUR - NOSTALGÍA.
BLÓM - H&M.



UPPÁHALDS

SKÓR - TOPSHOP.
SOKKAR - PRIMARK.
PILS - SPÚÚTNIK.
BOLUR - TOPSHOP.
HÁLSMEN - VINTAGE BÚÐ Í LOS ANGELES.
HÚFA - TOPSHOP.

Fatastílnum ekki lýst í einu orði

Rakel Unnur Thorlacius er 24 ára verslunarstjóri í Spúútník í Kringlunni. Rakel hefur mikinn áhuga á tísku og stefnir hún á að flytja erlendis til að læra eitthvað tengt tiskuiðnaðinum. Hér sýnir Rakel lesendum fjögur vel valin dress úr fataskápnunum hennar.

Hver er Rakel?

Ég er Rakel Unnur Thorlacius og ég elska McDonalds, naggrísa, slaufur og Clueless.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Stíllinn minn er ekki eitthvað sem ég get lýst með einu orði. Ég klæði mig bara í það sem mér dettur í hug þann dag.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku?

Ég hef mjög mikinn áhuga á tísku. Er að vinna í fatabúð og ætla að fara að læra í tiskuiðnaðinum erlendis.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Ég versla aldrei á Íslandi nema í Spúútník og Nostalgíu. Annars versla ég helst í Topshop eða vintage-búðum erlendis.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?

Mér finnst sumarið alltaf best. Þá þarf maður ekki að vera í þykkum þungum yfirhöfnum sem fela fötin manns. Þá eru allir svo sætir og glaðir og í fallegum fötum.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnunum fyrir voríð?

Einhverja flotta húfu eða derhúfu, magabol og gallasmekkbuxur.

Hver hafa verið þín verstu tiskumistöð?

Gólfisíða gallapilsíð mun ásækja mig að eilífu.

Hver er best klædda kona í heimi?

Mér finnst Agyness Deyn mega kúl. En

hún er ekkert best klædda kona í heimi, það er það engin.

Er eitthvað skemmtilegt á döfnni hjá þér?

Er að fara út í 3 vikur eftir einn og hálfan mánuð að hitta kærastann og ferðast um Evrópu í rútu.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar?

Er einmitt að fara að splæsa í eitt svoleiðis í sumar, það er leyndó hvað ég ætla að fá mér en það mun vera á hendinni og vera fáránlega flott.



HVERSDAGS

SKÓR - NASTY GAL.
SOKKAR - PRIMARK.
GALLASMEKKBUXUR - SPÚÚTNIK.
BOLUR - SPÚÚTNIK.
HÁLSMEN - VINTAGE BÚÐ Í LOS ANGELES.
TEYJA - URBAN OUTFITTERS.



#monitormynd

Ert þú í Instahring Monitor?

Merktu þína mynd með **#monitormynd**
og vertu með í gleðinni.

Myndirnar birtast sjálfkrafa á nýja vefsvæðinu okkar, **monitor.is**,
auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning
því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.

MONITOR

Eyðir oft mánaðar- laununum í skókaup

Þessa vikuna fékk **Stíllinn Svavar Cesar Hjaltested** í heimsókn en Svavar hefur gríðarlegan áhuga á tónlist og tísku. Að hans mati er sumarið skemmtilegasti árstíminn hvað varðar tísku og telur hann mynstraða og marglita sokka koma sterka inn um þessar mundir.

Hver er Svavar?

Ég er 20 ára strákur sem býr í Fossvoginum. Ég hef æft fótbolta frá því ég man eftir mér og hef gríðarlega mikinn áhuga á tónlist og tísku.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Ég hef aldrei verið þessi týpa sem fylgir alltaf tískunni. Ég reyni alltaf að finna mér fót sem mér finnst þægilegt að vera í og sem klæða mig vel. Ég er mjög mikið fyrir flotta jakka og þá sérstaklega þá sem eru frekar gamaldags og finnst gaman að gefa gömlum fötum nýtt líf. Þegar ég fer í fin fót finnst mér gaman að leika mér með slaufu-/bindisvalið þegar ég er með til dæmis sokka eða vasaklút í stíl. Mér finnst mjög gaman að eiga flotta skó og hef ég örugglega oftast eytt mánaðarlaununum mínum í skókaup.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Mér finnst langskemmtilegast að versla í útlöndum og þá sérstaklega í Svíþjóð og Danmörku. Uppáhaldsbúðirnar mínar

þar eru WoodWood, H&M, Weekday og Urban Outfitters. Hérna heima eru þær helstu KronKron, 17 og Kormákur og Skjöldur.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?

Mér finnst skemmtilegast að kaupa mér fót á sumrin því þá getur maður leikið sér meira með liti og fót sem maður myndi aldrei klæðast á veturna. Ég er mjög heitfengur og finnst gaman að geta farið í einhverjar flottar stuttbuxur og hlýraboli.

Hver er best klæddi karlmaður í heimi?

Það koma aðeins þrír til greina, Pharrell Williams, David Beckham og Johnny Depp. Ég get bara ekki valið á milli þeirra.

Áttu þér uppáhaldshönnuð?

Nei, enginn sem stendur upp úr í augnablikinu.

Uppáhaldstískutrendið þitt þessa dagana?

Mér finnst marglitir og mynstraðir sokkar koma sterkir inn.

Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnum fyrir sumarið?

Flotta hlýraboli, litaðar stuttermaskyrturnar og nauðsynlegt að eiga flott sólgleraugu.

Er eitthvað skemmtilegt framundan hjá þér í sumar?

Ég flyt út til Noregs núna í lok maí og ætla að vinna hjá pabba mínum þar í allt sumar sem smiður. Svo ætla ég að skella mér á Rock Werchter-tónlistarháttíðina í byrjun júlí og sjá þar mjög margar góðar hljómsveitir í góðra vina hópi.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig tattú myndir þú fá þér og hvar?

Mig langaði alltaf að fá mér tattú frá því að frændi minn fékk sér eitursvalan dreka yfir allt bakið þegar ég var lítill gutti. Ég er nú þegar kominn með tvö tattú á hendina og hef síðan verið með höfuðið í bleyti fyrir nýjum hugmyndum fyrir „half-sleeve“.



SPARI

JAKKI - LANGAFI ÁTTI HANN
SKYRТА - KORMÁKUR OG SKJÖLDUR
SLAUFA - H&M
BUXUR - GALLERÍ 17
SKÓR - GALLERÍ 17



HVERSDAGS

JAKKI - GALLERÍ 17
BOLUR - WOODWOOD
BUXUR - GALLERÍ 17
SKÓR - NIKE TOWN



UPPÁHÁLDS

SKYRТА - H&M
BUXUR - KRONKRON
SKÓR - GALLERÍ 17



ÚT Á LÍFIÐ

JAKKI - KORMÁKUR OG SKJÖLDUR
SKYRТА - H&M
BUXUR - WEEKDAY
SKÓR - FOOTLOCKER



Haier

Inspired living

**NÝTT VÖRU-
MERKI Í BT**

Haier:
China's first
global brand.
Forbes.

HÁGÆÐA SJÓNVÖRP Á FRABÆRU VERÐI

NÝTT



Haier:
The #1 Global
Major Appliances
Brand For 4th
Consecutive Year.
*Euromonitor
International.*

79.900



HAIER 32" LED C800H

- 1366x768 – HD Ready
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 100Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, Optical, USB, VGA, heymartól
- USB afspilun á myndböndum, tónlist og ljósmyndum
- TimeShift USB upptaka

**GÆÐI
NÝJUNGAR
HÖNNUN**

NÝTT



109.900



HAIER 39" LED C800HF

- 1920x1080p – Full HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 200Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB, VGA
- USB afspilun á myndböndum, tónlist og ljósmyndum
- TimeShift USB upptaka

NÝTT



179.900



HAIER 50" LED C800HF

- 1920x1080p – Full HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 200Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB, VGA
- USB afspilun á myndböndum, tónlist og ljósmyndum
- TimeShift USB upptaka

**SAÐA
ÞJÓNUSTA
ÁBYRGÐ**

SAMSUNG



99.900



SAMSUNG 32" EH5005 FULLHD LED

- Upplausn: 1920x1080p – FullHD
- Samsung HyperReal myndvinnsluvél
- Digital Noise Filter
- DVB-T2 háskerpumóttakari
- 2xHDMI, USB, SCART, Optical, heymartól og fl.
- USB ConnectShare Movie (myndbönd, myndir og tónlist)



SAMSUNG



199.900



SAMSUNG 46" F5005 FULLHD LED

- Upplausn: 1920x1080p – FullHD
- Samsung HyperReal myndvinnsluvél
- 100Hz Clear Motion Rate
- DVB-T2 háskerpumóttakari
- 2xHDMI, USB, SCART, Optical, heymartól og fleira
- USB ConnectShare Movie (myndbönd, myndir og tónlist)



SAMSUNG



279.900



SAMSUNG 46" 3D SMART LED ES6545

- Upplausn: 1920x1080p – FullHD
- Samsung 3D HyperReal myndvinnsluvél
- 400Hz Clear Motion Rate
- DVB-T2 og DVB-S2 háskerpumóttakarar
- Samsung SMART HUB – Þráðlaust netkort
- 3xHDMI, 3xUSB, SCART, Optical, heymartól og fleira
- USB ConnectShare Movie (myndbönd, myndir og tónlist)
- 2x3D gleraugu fylgja



BT Skeifan · BT Glerártorg · Sími 550 4444 · www.bt.is

"The D is silent, hillbilly."
(Django, 2012)

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

OPIÐ FYRIR
INNTRITUN
Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI



FRUMSÝNING HELGARINNAR

The Great Gatsby

The Great Gatsby gerist sumarið 1922 á Long Island og segir frá fyrrverandi hermanningum og núverandi sölumanni Nick Carraway og kynnum hans af hinum dularfulla og forríka Jay Gatsby, sem heldur miklar veislur á setri sínu en lætur sjálfur lítið fyrir sér fara, enda hafa fæstir þeirra sem sótt hafa veislurnar hitt hann í eigin persónu. Þeir Nick og Gatsby verða fljótlega ágætir vinir en um leið fer í gang atburðarás sem á eftir að verða örlagarík fyrir allar þær aðalpersónur sem við sögu koma. Skáldsagan The Great Gatsby eftir F. Scott Fitzgerald kom út árið 1925 og er talin á meðal bestu og merkustu skáldsagna sem skrifaðar hafa verið á enskri tungu. Leikstjóri myndarinnar, Baz Luhrman, er ekki að stíga sín fyrstu skref enda hefur hann áður gert myndir á borð við Moulin Rouge, Rome + Juliet og Australia.

Leikstjóri: Baz Luhrman.
Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio, Carey Mulligan, Tobey Maguire, Isla Fisher, Jason Clarke og Joel Edgerton.
Lengd: 142 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Háskólabíó, Ísafjarðarbíó og Bíóhöllin Akranesi.

facebook.com/monitorbladid

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í þremur deildum:

- ▶ Hjúkrunarfræði**
- ▶ Iðjupjálfunarfræði*
- ▶ Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum
 - M.S. í heilbrigðisvísindum
 - Diplómunám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði: félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:

- ▶ Félagsvísindi*
- ▶ Fjölmiðlafræði*
- ▶ Kennarafræði* (leik- og grunnskólastig)
- ▶ Lögræði
- ▶ Nútímafræði*
- ▶ Sálfræði*
- ▶ Heimskautalögfræði L.L.M/M.A.
- ▶ Nám til kennsluréttinda
- ▶ Menntunarafræði
 - Diplómunám í menntunarafræðum (60 einingar)
 - M.Ed. í menntunarafræðum
 - M.A. í menntunarafræðum

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:

- ▶ Liftækni*
- ▶ Sjávarútvegsfræði*
- ▶ Náttúru- og auðlindafræði*
- ▶ Viðskiptafræði*
- ▶ M.S. í auðlindafræði
- ▶ M.S. í viðskiptafræði

*Einnig í boði í fjarnámi
**Í boði á Selfossi og Reyðarfirði

Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 60 þúsund.

www.unak.is **Umsóknarfrestur til 5. júní**

KVIKMYND

Sci-Fi fyrir alla, konur og karla

Þó ég sé mikill Sci-Fi-rúnkari þá hef ég aldrei verið mikill Star Trek-aðdáandi, var alltaf meira fyrir Star Wars. Ég fór nú samt að sjá Star Trek árið 2009 sem J.J. Abrams leikstýrði og fannst hún frábær. Núna hefur Abrams snúið aftur með framhald af þeirri mynd og er hún alls ekki síðri.



gert við Star Trek-sögum er að gera þær „neytendavænar“ ef svo má að orði komast. Það þarf ekkert endilega að fíla Sci-Fi-myndir til að hafa gaman af þeim. Honum tekst vel að halda spennunni gangandi og hefur gert tilfinningaleysi Spock kómískt.

Myndin byrjar á því að Kirk Kapteinn hefur komið sér í vandræði eins og svo oft áður, en hann fer sínar eigin leiðir til að bjarga sér og áhöfn sinni. Hann brýtur allar mögulegar reglur til þess og þarf að takast á við afleiðingarnar af því. Þegar dularfullur karakter ræðst á höfuðstöðvar Stjórnflotans er kallað á vini okkar, Kirk og Spock, til að elta manninn upp á óeirðasvæði, en það verkefni reynist hægara sagt en gert.

STAR TREK - INTO DARKNESS



Leikararnir standa sig allir með prýði og er Chris Pine flottur í hlutverki hetjunnar Jim Kirk sem allir elska. Zachary Quinto endurtekur síðan snilldarframmistöðu sína sem hinn tilfinningalaus Vúlkani Spock. Simon Pegg sér síðan um húmorinn sem Scotty, Zoe Saldana og Alice Eve um kynþokann en það er án efa Benedict Cumberbatch sem stelar senunni sem skúrurinn. Cumberbatch er nú ekki mjög þekktur í kvikmyndaheiminum en hefur verið að geta sér gott orð sem Sherlock Holmes í þáttunum Sherlock. Hann er svo skuggalega góður og grjótharður í þessu hlutverki að það er ekki annað hægt en að vera hræddur við hann.

Þessi mynd er frábær skemmtun. Hún er spennandi, heldur manni við efnið í þessa rúmu 2 tíma sem hún tekur og söguþráðurinn er góður og skýr, þó hann fari ansi hratt af stað og það er ákveðið twist í honum. Húmorinn og tengingin við persónurnar er samt það sem gerir þessa mynd, og fyrri myndina frá 2009, betri en gömlu myndirnar að mínum dómi.



tónlist

Freyr Arnason
monitor@monitor.is

MIKE STUD

Aldur: 25 ára
Plötur: Relief - 2013
Mixteip:
A Toast to Tommy - 2011
Click - 2012
#SundayStudDay - 2012



Freyr Arnason fer yfir athyglisverðustu fréttir núlíðandi stundar í tónlistarbransanum vestanhafs.

Opinber taugaáföll og fangelsisvist



Drake, maðurinn sem ranglega telur sig hafa byrjað á botninum en byrjaði í rauninni í hjólastól er að raka inn tilnefningum á BET-verðlaunaafhendingunni. Fyrir þá sem ekki vita stendur BET fyrir Black Entertainment eða svört afþreying á íslensku og er fjölmiðlaveldi vestanhafs. Drake er með einar 12 tilnefningar en það er ómögulegt að hann taki 12 verðlaun með sér heim þar sem hann er oft margsinnis tilnefndur í sama flokknum. Samanber myndband ársins þar sem hann er með heilar 3 tilnefningar. En vonum að hann vinni allavega ein verðlaun, hann þarf á því að halda.



Það eru ekki fréttir nema koma aðeins inn á **Chris Brown**, hinn ljúfa ryþma- og blússöngvara. Sem betur fer fyrir heimsbyggðina hefur hann lokið sambandi sínu við Rihönnu og því eru daglegar stöðuuppfærslur fjölmiðla af sambandi þeirra óþarfar. En nú er hann formlega í ruglinu. Sést hefur til hans með Suge Knight, en fyrir þá sem ekki vita er Suge Knight 90's legend í plötubransanum og notaði ýmsar nýstárlegar leiðir til að semja við menn. Eins og t.d. að mæta heim til þeirra með hóp af vopnuðum mönnum, láta menn hanga framan af svölum á milljónustu hæð og heimsækja mæður þeirra sem ekki voru fúsir til samstarfs. Þeir tveir ættu að geta fundið sér eitthvað að gera.



Solange Knowles, systir **Beyoncé** sem átti hittarann *Losing You* á síðasta ári var ekki bara að fá plötusamning heldur eigið útgáfufyrirtæki. Það er enginn vafi að hún hefur hæfileika og það á mörgum sviðum en það eru stór skref fyrir hana að stíga úr skugga systur sinnar. Nú með sína þriðja plötu í smíðum verður gaman að sjá hvað gerist.



Þeir sem búa svo vel að vera nettengdir á einhvern hátt og eiga lausar 45 mínútur þurfa ekki lengur að örvænta. Komin er heimildarmynd um **Kanye West**, þó ekki típísk sagnfræðileg mynd þar sem farið er yfir ferilinn heldur tók einhver meistari sig til og klippti saman öll viðtöl, opinber taugaáföll og aðrar forvitnilegar upptakomur sem Kanye hefur boðið heimsbyggðinni upp á í eitt myndband.



Fyrst við erum á 90's-nótunum þá er engin önnur en **Lauryn Hill** á leiðinni í fangelsi. Hún skuldaði einhverjar 60 milljónir plús í skatta og ætlaði að bjarga því með því að selja Sony einhverja þjónustu að andvirði skuldarinnar. En eitthvað fór það úrskeiðis þannig að nú er hún, sex barna móðirin á leiðinni í steininn í þrjá mánuði. Við vonum að hún fái ekta celeb-meðferð hjá fangelsisvörðöldum og verði með Xbox-tölvu þessa þrjá daga sem fræga fólk þarf að aflána.



Úr engu kom allt í einu **Mike Stud** og á skyndilega sölu-hæstu stafrænu rappplötuna vestanhafs. Fyrir þremur árum spilaði drengurinn amerískan fótbolta í Duke-háskólunum en meiddist illa. Meðan hann var í aðgerðum fór hann að gera tónlist til að hafa eitthvað fyrir stafni og þá í gríni. Eitt laganna endaði sem skets hjá College Humour og þá fór grínið að snúast upp í alvöru. Spólum aðeins áfram og hann er farinn að skáka mönnum eins og **Lil' Wayne** í stafrænni dreifingu án þess að eiga einn einasta hittara eða hafa einhverja risamaskínu á bak við sig.

Fleiri hamborgarar - meiri hamingja



SIMMI, JÓI OG RAUÐHUMLA

Hamborgarafabrikkan hóf að grilla hamborgara á Akureyri í vikunni, á jarðhæð Hótel Kea, þar sem áður var Terían. Nýja Fabrikkan er nauðalík systur sinni í Reykjavík en þó með sín sérkenni. Má þar nefna forkunnarfagra mynd af Ingimar heitnum Eydal, styttuna af Rúnari Júl sem fluttist norður á dögnum og kusuna Rauðhumla sem er skreytt af Tolla Morthens.



STAFFIÐ SEM OPNAÐI FYRIR AKUREYRINGUM Í GÆR



BÆTINGARÁÐ BERGS Tölvuhangs á kvöldin

Líkaminn hefur sína eigin líffræðilegu klukku sem sveiflast á um það bil 24 klst. fresti. Rannsóknir benda til að við höldum þessum hring nokkuð fullkomlega ef það eru engin ytri áhrif svo sem breyting á lýsingu eða hitastigi, og sömuleiðis að það sé hægt að hafa áhrif á þennan hring með ytra áreiti. Til dæmis að halda fólki lengur vakandi með því að hafa meiri birtu.

Tölvuskjárin er dæmi um slíka birtu. Tölvuskjái voru hannaðir til að herma eftir dagsbirtu, það er sniðugt þegar við vinnum á daginn en verra þegar erum að hangsa í tölvunni um kvöldið. Flux er sniðugt forrit sem breytir lýsingunni á skjánum út frá birtunni hjá þér. Það þýðir að yfir miðjan daginn er hann blár og bjartur en seinna á kvöldin verður hann rauðari og mýkri.

Það þýðir að þú getur horft á þáttinn þinn áður en þú ferð að sofa án þess að vera stjarnur í augunum yfir þessum bláa bjarta bjarna seint á kvöldin og svo ekki ná að sofna.

Bergur er fyrrverandi frjálssþróttakappi og starfar sem ÍAK einkaþjálfari hjá Reebok Fitness. Kynntu þér málið nánar á www.facebook.com/baeting

Bætingaráð Bergs

ÍSL-ENSKUR TEXTI



Eyþór Ingi - Ég á líf

Lagði ég af stað í það langa ferðalag ég áfram gekk í villu eirðarlaus Hugsaði ekki um neitt, ekki fram á næsta dag Einveru og friðsemdina kaus

Ég á líf, ég á líf
yfir erfiðleika svíf
Ég á líf, ég á líf vegna þín
Þegar móti mér blæs
yfir fjöllin há ég klíf
Ég á líf, ég á líf, ég á líf

I left it a long journey
I walked forward error restless
Was not thinking about anything,
not until the next day
Solitude and serenity chose

I have a life, I have a life
the difficulties drift
I have a life, I'm alive because of you
When I receive blows
Mountain high I climb
I have a life, I'm living, I'm living
Takk, Google Translate

EINTÓM ÞVÆLA



Já, það segir þú satt.

Hvernig haldið þið að mér líði?

Ferlega er heitt að vera í svona svörtu í sólinni.

Bangsinn Brynjar, hálfbróðir Bingó Bjössu, hefur ekki átt sjö dagana sæla eftir að sumarið gekk í garð.

Tístland #12stig



Venju samkvæmt var mikið líf og fjör á Twitter þegar fyrri umferð forkeppni Eurovision fór fram. Monitor tók saman nokkur góð tíst úr Tístlandi sem merkt voru með #12stig.

Guðný Hauksdóttir @Gvedny

Ok, horfði ekki á júró því ég var svo upptekin við að búa mér til Twitter aðgang og vera með! #12stig

Loftbola @loftbola

Við skulum ekki gefa upp alla von strax, við slögum jú í gegn á blaðamannafundinum. #þettaerbúið #12stig

Ásgeir Þórisson @asgeirdadi

Munurinn á milli Arsenal og Liverpool #12stig #hehe #fotbolti



Stephen Casgrave @Steveninn

Heimurinn syrgir geimrapp svartfjallalands. #rapollo13 #montenegro #12stig

Einar Matthías @BabuEMK

Atkvæðin frá geimstöðinni í Mir bástust ekki í tæka tíð No more Svartfjallaland #skandall #12stig

Pawel Bartoszek @pawelbartoszek

felix stendur sig vel, ekki búinn að undirstrika hvaða dauða sambandsríki hvert land tilheyrði fyrir 30 árum... #12stig

Dögg Matthíasdóttir @dewice

Note to self, ekki hoppa í kógurkjól #12stig

Ívar Guðmundsson @ivargud

Ótrúlegt hvað Bonnie Tyler hefur haldið útlitinu án lýtalækna! hehe #12stig

Dabbi vals @Dabbivals

Bretland sendir út dúett með Bonnie Tyler og Photoshop #12stig

Sveinn Guðmarsson @svennigudmars

Þýska lagið í ár hljómar NÁKVÆMLEGA eins og Euphoria! Er þetta eitthvað grín?! #12stig

Petur Jonsson @senordonpedro

Ég finn fyrir kynþokkafordómum gegn HvítaRússlandsatriðinu. Höldum hatrinu í burtu. #12stig

Bragi Valdimar @BragiValdimar

Úps. Pissaði á mig af spenningi. #12stig

Baldvin Bergsson @baldvinthor

Ætla að stela geimhjálmi baksviðs. Ekki eins og það þurfi að nota þá aftur á laugardag. #12stig

margrét erla maack @mökkiltili

ég skiiiiii ekki af hverju Never ever let you go vann ekki á sínum tíma. #12stig #danmörk



Vera Knutsdóttir @knutsdottir

Greinilegt að kynrinurinn hefur miskilill eitthvað reglurnar #hjoladvinnuna #12stig

frettir @frettir

Búinn að downloada öllum lögnum úr forkeppni kvöldsins af því að þau voru svo góð. Er tungan í mér svört? #12stig



Jóhannes Þór @johannesthor

Er þessi belgíski maður afkvæmi Blebers og Frikka Dórs? #12stig

Steinunn Jónasdóttir @steinunnj

Fékk kynrinurinn ekki memoíð að hafmeyjusnið er out? #12stig

Þórarinn Hjálmarsson @thorarinnh

Fyrst allir eru að fylgjast með #12stig - Er að selja 3 árganga af Andrési Önd blöðum, seljast hæstbjóðanda

Pawel Bartoszek @pawelbartoszek

sænskur barnakór, einmitt það sem þurfti til að ég myndi elska euforía en meira #12stig

Baldvin Bergsson @baldvinthor

Einn blaðamaður klappaði eftir Montenegro. Hann er frá Montenegro. #12stig

margrét erla maack @mökkiltili

af hverju eru dönsku strákarnir ekki ótrúlega sætir? #fallegustumenniheimi #12stig



VIKTOR OG BRYNJAR ERU ALLTAF SLAKIR Á KANTI

FRASAKÓNGARNIR

Jólajejppi

Til eru mörg orð yfir einstaklinga sem eru bara ekki með þetta. Rasshaus hefur verið mikið notað en nú er orðið jólajejppi að koma sterkt inn á frasamarkaðinn.

Dæmi: „Alberti Inga var bara hent útaf B5 um helgina fyrir dólgslæti.“ „Gat nú verið. Þvílíkur jólajejppi þessi gæi.“

Í hverri viku munu frasakóngarnir Brynjar Ásgeir og Viktor Örn kenna okkur nýjustu frasana og orðin svo við getum verið fersk í umræðunni hverju sinni.

Í belg & biðu



10

leiðir til að klúðra sumarvinnunni þinni

Sumarið er tíminn til þess að fara með nýfengna hæfileika úr námi út á vinnumarkaðinn og klúðra svo öllu með því að vera með stæla.

1 SVARAÐU ÖLLUM SPURNINGUM MED "MAMMA'DÍN". Prófaðu mismunandi raddir, tónhæðir og hraða í tilsvörum þínum.

2 KLÆDDU ÞIG Á ÓVIÐEIGANDI HÁTT. Mættu á hælum í alla úttvinnu (hvors kyns sem þú ert) og rokkaðu ruslakaralúkkio á skrifstofunni.

3 INSTAGRAMMAÐU ÞIG REGLULEGA VIÐ AÐ GERA ÓVIÐEIGANDI HLUTI OG HASHTAGGAÐU VINNUSTAÐINN ÞINN. Hvort sem þú ert á djammunni, klósettunni eða bara í heimsókn hjá Kim Jong Un vini þínum þá þurfa allir að vita af því og líka hvar þú vinnur.

4 GRÁTTU HÁTT OG MED TILÞRIFUM MINNST EINU SINNI Á DAG. Þú getur til dæmis grátið af því einhyrningar eru ekki til í alvörnunni eða vegna þess að þú saknar Margaret Thatcher.

5 SLÁÐU UM ÞIG MED FRÆGUM VINI Í ÞAD MINNSTA ÞRISVAR Á DAG. Monitor mælir með Þórunni Antoníu, Gísla Marteini eða Ásgeiri Kolbeins.

6 SKREYTTU VINNUSTAÐINN ÞINN. VELDU NÝTT ÞEMA Í HVERRI VIKU OG HAFDU ÞAU SEM FURÐULEGAST. Monitor mælir með hvítlauskjema, Cher-þema og hamstraþema.

7 BREYTTU STILLINGUM. T.d. á skrifborðsstólum, Facebook, sínum og bara öllum öðrum tækjum sem þú kemst í hjá vinnufélögum þínum.

8 SNÝTTU ÞÉR. Oft, mikið og hátt. Boraðu síðan líka smá í nefið og safnaðu því á vegg.

9 KLIPPTU ÞIG INN Á MYNDIR AF SIGMUNDI DAVID OG BJARNA BEN OG HENGDU ÞÆR UPP Á VINNUSTAÐNUM. Talaðu um þá sem „strákana“.

10 VELDU ÞÉR EINN VINNUFÉLAGA TIL AÐ STARA Á. Ef hann spyr út í hegðun þína skaltu snúa þér rólega við án þess að svara og ganga í burtu.



VÍSINDAVEFURINN

Í hvaða fjarlægð hættir maður að sjá Jörðina berum augum?

Þær reikistjörnur sem eru sýnilegar með berum augum frá Jörðu eru Merkúrís, Venus, Mars, Júpíter og Satúrnus. Til að reikistjarna sjáist ekki með berum augum frá Jörðinni þarf maður að fara til Úranusar sem er í u.þ.b. 2875 milljón km fjarlægð frá sól. Samt er örugglega nóg að fara eitthvert á milli Júpíters og Satúrnusar til að sjá ekki Jörðina berum augum. Við sjáum að vísu Júpíter og Satúrnus en jörðin sést samt líklega ekki þaðan því þær eru mun stærri en Jörðin.

EUROVISION

PARTÍ Í KVÖLD

Í kvöld keppir Ísland við 16 Evrópulönd um sæti í úrslitakeppninni!

Monitor og Stúdentakjallarin ætla því að henda í fyrsta flokks Eurovision-partí!

Aðalatriðin eru þessi:

- Stór á krana: 390 krónur út kvöldið!
- Eyþórs Inga tvífarakeppni!
- Stigaleikur úr stigablaði Monitor (*verðlaun fyrir sigurvegara*)

20 ára aldurstakmark og ókeypis inn!

STÚDEN
TAKJAL
LARINN

MONITOR



„Háskóli Íslands nýtur virðingar innan samfélagsins og hann er ákaflega mikilvægur fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf.“

Ásdís Ólafsdóttir, heimspeki



ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 5. JÚNÍ



„Námið í Háskóla Íslands er krefjandi, öflugt og skemmtilegt enda er starfsfólk háskólans mjög metnaðarfullt.“

Kristín Jónsdóttir, lögfræði



„Félagslífið í Háskóla Íslands er ótrúlega öflugt og nemendafélögin sjá til þess að eitthvað sé alltaf að gerast.“

Tinni Kári Jóhannesson, tómstunda- og félagsmálafræði



VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS
– YFIR 200 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI



Spennandi nám og öflugt félagslíf í háskóla í fremstu röð.

www.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS